

GJALDKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:		Kr.
Íbúðir á Grenivík	Sorphirðugjald	6.600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald.....	4.400
Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.		
Fyrirtæki flokkur 1	Sorpeyðingargjald.....	4.400
" 2	"	6.600
" 3	"	20.000
" 4	"	40.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. apríl 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pósthjónustu nr. 161/1990.

1. gr.

Við grein 1.3.9.2. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og símamálastofnun er heimilt að veita viðbótarafslátt, ef um er að ræða umtalsverðan fjölda sendinga eða samið er um viðskipti til langs tíma enda sé um fjárhagslega hagkvæm viðskipti að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 38. gr. póstlaga nr. 33/1986 til þess að öðlast þegar gildi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 15. apríl 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.